

Bessí Jóhannsdóttir



Undirrituð gefur kost á sér í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík á aðalfundi 21. Febrúar 2024

Lauk BA prófi í félagsvísindum og sagnfræði. Cand. Mag. Próf í sögu. Kennsluréttindum frá HÍ. Las lögfræði, hef lokið fjölda endurmenntunar námskeiða má nefna Viðskipta og rekstrarnám frá EHÍ, Opinber stjórnsýsla og stjórnun frá EHÍ, Stjórnun og forysta í skólaumhverfi frá EHÍ, Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun frá OHR.

Starfaði við kennslu lengst af við Kvennaskólann í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands.

Hef verið virk í félagsmálum á svið borgarmála og ríkis.

Af hverju kjósa mig:

Ég hef einlægan áhuga á málefnum eldra fólks.

Ég vil vinna að betra samfélagi fyrir eldri borgara.

Ég vil vinna að því að stjórnvöld hlusti á og standi með eldri borgurum.

Ég vil vinna að því að bæta kjör eldri borga.

Ég vil að eldra fólk fái að vinna eins og það vill.

Ég vil að málefni eldri borgara og öryrkja verði aðgreind sem tveir málaflokkar

Ég vil að eftirlaun frá Tryggingastofnun fylgi hækkun launavísitölu hvers tíma

Ég legg áherslu á að eldri borgara fái haldið sjálfstæði sínu og eigi valkosti um framtíð sína.

Ég tel mikilvægt að á hjúkrunarheimilun sé vel búið að vistfólki og að það fái notið þess sem er í boði í endurhæfingu og að aðgengi að internet og fjölbreyttri sjónvarpsdagskrá sé í boði.

Ég tel mikilvægt að allt sé gert til að draga úr einangrun og einmanaleika eldri borgara.

Vinsamlega staðfestið móttöku umsóknarinnar

Bessí Jóhannsdóttir

Birgir Finnbogason



Söguágrip

Fæddur í Reykjavík árið 1954. Ólst upp í Selásnum og bjó þar frá fæðingu og fram að 19 ára aldri. Skólagangan hófst þar í barnaskóla, útibúi frá Laugarnesskóla. Síðan lá leiðin í Miðbæjarskólann. Á þeim tíma var mín borgarlína strætó frá Lækjarbotnum að Kalkofnsvegi. Utan skóla þá sinnti ég sendilstörfum hjá Sambandinu, þannig að farið var að heiman að morgni og komið heim að kvöldi. Annars var atvinnuþátttaka á skólaárum eins og algengt var á þeim tíma, ýmis verkamannavinna.

Framhaldið í menntun var síðan landspróf, þaðan í Versló og svo eins og leið lá í viðskiptafræði. Endurskoðun varð svo fyrir valinu og hefur atvinnuþátttaka til og með dagsins í dag einkum tengst því fagi, í einkageira og hjá hinu opinbera. Auk þess að vinna á Íslandi var ég í þrjú ár í Makedóníu og í fimm ár í Kaliforníu. Fékk bandarískan ríkisborgararétt 2017 en hef búið á Íslands frá þeim tíma til dagsins í dag.

Það er erfitt að flýja aldurinn og því mikilvægt að nýta uppsafnaða reynslu og þekkingu sjálfum sér og öðrum til hagsbóta. Þess vegna gef ég kost á mér í stjórn FEB.

Starfsferill

- Endurskoðandi hjá Ríkisendurskoðun, 2017 –
- Eigin starfsemi og nám í Kaliforníu, 2012 – 2016
- Skrifstofustjóri hjá ÖSE – Skopje, 2009 – 2012
- Sviðstjóri fjármála og stjórnsýslu hjá Seltjarnarnesbæjar, 2007 – 2008
- Fjármálastjóri hjá Reykjavíkurborg, 2005 – 2006
- Eigandi hjá Deloitte, 1994 - 2004

Félagsstörf og áhugamál

- Í stjórn íþróttafélagsins Fylkis frá 1997 – 2009 og formaður lengstan hluta tímabilsins.
- Útivera í sumarhúsi þar sem stunduð er trjárækt, býflugnaumsýsla og hænsnahald.

Kennsla

- MBA nám í Háskóla Íslands - fjármál; 2008
 - Viðskiptadeild Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík – Fjárhags- og kostnaðarbókhald; 1990 - 2003
 - Annað kennslutengt, skipulagning á námi og prófi fyrir viðurkennda bókara
- Birgir Finnbogason

Björn Þ Kristjánsson



Heil og sæl öll sömul

Ég fann bara gamalt C.V.

En í stuttu mali:

Verð 65 ára í mars, Foreldrar úr Dalasýslu

Giftur skagakonu Margrét Guðjónsdóttir íþróttakennara og flugfr.

Börn 2 stúlkur útskrifaðar sem lögfr. frá HI og starfa við fagið.

Lærði flugvirkjun og NDT (Málpreitu skoðun) fyrir 45 árum ca.

Er síðan búin að sitja fjölda námskeiða héraendis og erlendis.

Hef unnið hringin um hnöttinn og rekið eigið fyrirtæki bæði á Islandi og Danmörku.

Er starfandi sem Compliance og Ground Oper. Manager fyrir Ernir Flugfélag

Er sem stendur í DK í viðskiptaerendum

Best regards/MVH

Björn T. Kristjánsson

Accountable/Technical Manager

+354 616 2716

+45 23 29 56 62

Elinóra Inga Sigurðardóttir



Ég, Elinóra Inga Sigurðardóttir, hef víðtæka þekkingu og reynslu. Ég er B.Sc. jarðfræðingur, hjúkrunarfræðingur, nýsköpunarráðgjafi og með uppeldis- og kennslufræðiréttindi. Ég hef unnið sem hjúkrunarfræðingur hér á landi og í Svíþjóð og er með sænskt og íslenskt hjúkrunarleyfi. Á árunum 2016-2022 vann ég sem hjúkrunarfræðingur í Múlabæ, sem er dagþjálfun fyrir aldraða. Ég hef unnið í Háskóla Íslands við efnagreiningar og sem stundakennari. Ég hef skipulagt námskeið og kennt við sjúkraliðabraut FB. Ég hef verið formaður hugvitsmanna og kvenna 1998-2007 og skipulagt ráðstefnur og sýningar fyrir íslenska og erlenda frumkvöðla. Ég stofnaði KVENN, félag kvenna í nýsköpun 2007 og er þar formaður og sit í stjórn SFH, Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna. Ég er líka í framkvæmdanefnd og er varaforseti IFIA, alþjóðasamtökum hugvitsfélaga, og í GlobalWiin, alþjóðasamtökum kvenna í nýsköpun. Undanfarin 25 ár hef ég rekið nýsköpunarfyrirtæki, Elás ehf Royal Natural, byggt á eigin hugmynd. Hugmyndin gengur út á það að taka hráefni sem áður var vannýtt og gera úr því lúxusvöru til útflutnings og auka þannig verðmæti sjávarafla og afla gjaldeyris. 2008-2018 var ég með þátt um Frumkvöðla á ÍNN og gerði yfir 300 þætti, þar sem talað var við fólk með nýjar hugmyndir og framkvæmdarferlið. Árið 2021 gaf ég út Hugmyndabókina sem er vinnubók fyrir þá sem vilja framkvæma hugmynd. Ég er gift Júlíusi Valssyni lækni og eigum við 4 börn og 5 barnabörn.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir



Reykjavík 09.02.2024

Guðrún Ósk Jakobsdóttir heiti ég er 60 ára gömul, eiginkona, móðir og amma. Ég er uppalin í Reykjavík nánar tiltekið í Árbænum og hef búið þar allar götur síðan.


Ég var alin upp við íþróttir og var ég sett í alls konar greinar þegar ég var barn en endaði síðan sem skíðakona og fimleika iðkandi. Ég brenn fyrir íþróttamálum og er komin núna sem þjálfari hjá skemmtulegustu iðkendum sem til eru Betri borgurum Fylkis eins og við viljum kalla það.

Við hjónin rákum saman fyrirtæki í um 30 ár sem heitir Glermenn ehf. Við seldum það fyrir nokkrum árum og fjárfestum í íbúð á spáni en þangað ætlum við að stefna yfir vetratíma þegar við verðum aðeins eldri. Ég hef setið í stjórnnum hjá Íþróttafélagi Fylki í 32 ár, setið í stjórn Íþróttabandalagi Reykjavíkur í 13 ár og þjálfað fimleika í rúm 30 ár.

Ég hef mikinn áhuga á eldraborgarastarfi og hef hlakkað til að verða eldriborgari frá því ég var lítil stelpa (veit ekki afhverju) 😊

Þess vegna býð ég mig fram í stjórn félags eldriborgara í Reykjavík.

Gunnar Magnússon



Ég heiti Gunnar Magnússon , er fæddur 17.september, 1950 í Reykjavík.

Gekk í eftirtalda skóla:

Melaskóla, Vesturbæjarskóla, Hagaskóla, Verzlunarskóla Íslands.

Vann hjá Kristján Ó. Skagfjörð hf í tölvudeild til margra ára

og var síðan yfirmaður tölvudeildar hjá RÚV yfir 20 ár og var þar líka formaður starfsmannafélagsins.

Sat í mörg ár í stjórn BSRB.

Var í fótbolta frá 1954 og spilað með KR og ÍK

Var leikari í Þjóðleikhúsinu í nokkur ár og lék einnig með Leikfélagi Kópavogs í mörgum sýningum

Hef verið félagi í Oddfellow til margra ára .

Er núna eldri borgari að leika mér m.a. í golfi auk ýmissa annarra áhugamála og hef t.d. komið á mörg sögu námskeið hjá Feb.

Fjölskylda:

er kvæntur Margréti Halldórsdóttur hjúkrunarfræðingi á Landspítala og á 4 dætur og 8 barnabörn

Bestu kveðjur,
Gunnar Magnússon
896 33 95

Jón Magnússon



Menntun

Lögfræðipróf (Candidatus Juris) Háskóli Íslands 1974

Héraðsdómslögmaður 1974: Hæstaréttarlögmaður frá maí 1989

Löggiltur fasteignasali maí 1988

Starfsreynsla

Starfandi lögmaður og rek eigin lögmansstofu og hef gert það frá 1976.

Alþingismaður 2007 – 2009 : Varþingmaður 1984-1988

Í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum síðan 1994 til 2016

Formaður stjórnar Iðnlánasjóðs 1983-1991

Kennari við Ármúlaskóla 1967-1979.

Helstu félagsstörf

Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1970-1971

Í stjórn félagsstofnunar stúdenta 1972-1974

Formaður Heimdallar félags ungra Sjálfstæðismanna 1975-1977

Formaður Sambands ungra Sjálfstæðismanna 1977-1981 (í stjórn 1971-1975)

Varaformaður SÁÁ 1987-1989

Í stjórn Neytendasamtakanna frá 1978 Formaður 1982-1984, varaformaður 1996-2000. Formaður

Neytendafélags höfuðborgarsvæðisins 1991-1996

Forseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur-Árbæjar 2000-2001.

Áhugamál:

Neytendamál og þjóðmál, fjallgöngur og útivist, I stjórnmál, viðskipti, heimspeki og trúmál.

Fjölskylda:

Foreldrar: Magnús Jónsson (f.1916) skólastjóri og Sigrún Jónsdóttir (f.1918) kennari..

Eiginkona Margrét Þórdís Stefánsdóttir, eigum 5 börn og 8 barnabörn

Stefnumál varðandi eldri borgara:

Ég tel að það þurfi að gera stóráttak til að bæta hag eldri borgara og þeir séu ekki ævinlega sniðgengnir. Skattleysismörk verða að hækka þannig að ekki sé greiddur skattur af tekjum sem þarf til framfærslu..

Ég gef því kost á mér til stjórnarstarfa í FEB í Reykjavík til að vinna þau verk sem snerta brýnustu hagsmunamál eldri borgara til þjónustu fyrir sameiginlega hagsmuni okkar allra.

Kristinn Eiríksson



Um mig:

Ég undirritaður Kristinn Eiríksson, byggingarverkfræðingur, býð mig fram til stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík á aðalfundi félagsins sem fram fer þann 21. febrúar nk.

Ég er kvæntur Guðríði Birnu Ragnarsdóttur, forstöðumanni fjármála hjá verkfræðistofunni Tensio. Við eigum tvö uppkomin börn og fimm yndisleg barnabörn.

Lengst af starfaði ég hjá verkfræðistofunni, Mannviti, þar sem ég var eigandi og stjórnandi. Þar starfið ég við fjölda verkefna, s.s. byggingu Kárahnjúkavirkjunar og ýmissa annarra stórframkvæmda. Síðar seldi ég mig út úr Mannviti og réði mig til Landsvirkjunar sem staðarverkfræðing við byggingu Búðarhálsvirkjunar. Nú rek ég verkfræðistofuna Tensio.

Undanfarin ár hef ég m.a. starfað fyrir Samtök aldraðra við hönnun og byggingu íbúðablokka. Þá sit ég í byggingarnefnd Árbæjarkirkju, þar sem ég inni af hendi sjálfboðastarfi.

Ég hef einlægan áhuga á málefnum eldri borgara - enda er ég sjálfur að komast þriðja aldurs skeiðið. Ég vil hag eldri borgara sem mestan - enda hafa þeir sem eldri eru greitt sína skatta og skyldur til samfélagsins.

Það er áriðandi að eldri borgarar á Íslandi séu í fremstu röð hvað lífskjör varðar. Við eigum að gera það eftirsóknarvert fyrir eldri borgara á Íslandi að búa hérlendis. Tölurnar sýna okkur að eldri borgum fer ört fjölgandi hérlendis. Þess vegna tel ég mjög áriðandi að við búum eldra fólki áhyggjulaust ævkvöld og þar vil ég leggja mitt af mörkum.



Kynning fyrir framboð til stjórnar FEB

Kristján E. Guðmundsson.

Ég fæddist 31. október 1944 í Grundarfirði og ólst þar upp.

Að loknum barnaskóla fór ég til náms í Héraðsskólanum að Laugarvatni. Að honum loknum var ég eitt ár skiptinemi í Bandaríkjunum og fór síðan í Menntakólann að Laugarvatni og lauk þaðan stúdentspófi 1967.

Að loknu stúdentsprófi stundaði ég nám í félagsvísindum (félagsfræði, stjórn málafræði og mannfræði) við Oslóarháskóla.

Við heimkomu hóf ég kennslu í félagsvísindum við Menntaskólann við Tjörnina, (sem svo var fluttur upp í Voga og fékk nafnið Menntaskólinn við Sund). Þar kenndi ég í 11 ár en tók mig þá upp og hóf nám við Den Danske Eksportskole í alþjóðlegri markaðsfærslu. Að því loknu rak ég í 5 ár tilraunaverksmiðju í Reykjavík við framleiðslu á tilbúnum fiskréttum.

Árið 2001 hóf ég aftur kennslu í félagsvísindum við Fjölbautarskóla Vesturlands á Akranesi þar sem ég kenndi þar til ég fór á eftirlaun 2013. Árið 2010-2011 fékk ég námsleyfi og í því stundaði ég nám í Evrópufræðum við Freie Universitat í Berlin.

Er ég fór á eftirlaun flutti ég til Berlínar og bjó þar í 6 ár.

Áhugamál:

Ég hef mikinn áhuga á bókmenntum og les mikið sérstaklega efni sögulegs eðlis.

Ég hef einnig mikinn áhuga á mat og matargerð. Hef á s.l. ári og þessu stjórnað matarklúbbi fyrir karlmenn 60 ára og eldri á vegum FEB þar sem kennt er matreiðsla á venjulegum íslenskum heimilismat. Í gangi er nú fimmta námskeiðið.

Eldri borgurm fjölgar nú hratt og verða sífellt stærra hlutfall af þjóðinni. Ég hef mikinn áhuga á að vinna að hagsmunamálum þessa hóps ekki síst félagstengslum innan hans ekki síst í ljósi þeirrar hættu sem er á jaðarsetningu og einangrun einstaklinga innan hans.

Ég vil einnig vinna að bættum kjörum eldri borgara og gera þau eins og best gerist, t.d. á Norðurlöndunum.

Ólöf Pálína Úlfarsdóttir



10. febrúar 2024

Uppstillingarnefnd

FEB í Reykjavík.

Góðan dag,

Ég undirrituð Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, kt. 1810564449 býð mig fram til varastjórnar/stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík.

Ég bý í Úlfársdal, er kennaramenntuð og starfa ennþá sem kennari í grunnskóla.

Ég vil byrja á því að segja hvað mér finnst Korpúlfar og önnur félög öflug að halda úti alls konar starfsemi og námskeið sem gagnast þeim sem það velja. Líka er mikið úrval af ferðalögum í boði, bæði styttri ferðir og lengri. Mér hefur þó fundist sumar ferðir í dýrara lagi þegar um er að ræða ferðir fyrir lífeyrisþega. Það væri áhugavert hvort ekki mætti finna ódýrari ferðalög fyrir eftirlaunafólk, því gæðin eru jú alltaf félagsskapurinn.

Minn áhugi liggur í að þegar fólk kemst á lífeyrisaldur, verði það sem tekur við góður tími. Það góður tími að fólk geti lifað af lífeyri sínum. Það virðist vera misbrestur á því, tekjur fólks eru tvískattaðar og allar tekjur sem fólk sem vill vinna, rýra lífeyri. Það er svo margt hjá lífeyrisþegum sem mætti bæta.

Ég er áhugasöm um allt sem lýtur að lífeyrisárum fólks og þess vegna býð ég mig fram í varastjórn/stjórn FEB í Reykjavík.

Með góðri kveðju,

Ólöf Pálína Úlfarsdóttir

Skyggisbraut 3, 113 Reykjavík.

Ragnar Árnason



Ferilskrá: Ég er fæddur 1949 og nú 75 ára. Er hagfræðingur að mennt með meistarapróf frá Englandi og doktorspróf frá Kanada. Starfaði við Hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1980 og sem prófessor frá 1989. Er nú prófessor á eftirlaunum (emeritus) með vinnuaðstöðu í Háskóla Íslands. Er höfundur að nálægt 200 vísindagreinum og bókum ásamt fjölda blaða- og tímaritsgreina um samfélagsleg málefni þar á meðal málefni eldri borgara. Hef setið í mörgum stjórnnum fyrirtækja og opinberra stofnana auk fjölmargra nefnda.

Stefnumál: Þeir sem orðnir eru eldri borgarar lögðu með vinnu sinni grundvöll að þeirri velsæld sem íslenska þjóðin býr við í dag. Nú þegar ég er sjálfur orðinn aldraður sé ég glögglega að mikið vantar upp á að þetta framlag sé metið að verðleikum og að eldri borgurum sé búið sæmilegt ævikvöld.

Á öllum þeim sviðum samfélagslegar þjónustu sem mestu máli skipta fyrir eldri borgara er staðan óviðunandi. Þetta á við um *heilbrigðismálin* þar sem ástandið hefur lengi verið vont og fer versnandi. Þetta á við um *sértæka umönnun og húsnæði* fyrir eldri borgara þar sem margir búa við átakanlegan skort. Þetta á við um *efnahag og lífskjör* þess fjölmenna hóps eldri borgara sem teljast fátækir og hafa vinnuþrek en er gert ókleift að bæta kjör sín og leggja um leið af mörkum til samfélagsins meðal annars vegna vanhugsaðra skerðinga á bótum almannatrygginga.

Ég tel að samfélag okkar sé því miður orðið þannig að úr ofangreindum vandkvæðum eldri borgara verði ekki bætt nema með fyrir fortölur og þrýsting þeirra sjálfra. Eldri borgarar eru fjölmennur hópur. Næstum 80 þúsund manns eru 60 ára og eldri og nálægt 40 þúsund eru 70 og eldri. Þrýstivald eldri borgara getur því verið mikið ef þeir beita því skipulega. Félög og samtök eldri borgara eru sjálfsgæður vettvangur til þessa. Til að vinna að því að svo verði býð ég mig fram til stjórnar FEB.